

ÞESSAR LEIÐBEININGAR VEITA VIÐSKIPTAVININUM/NOTANDANUM MIKILVÆGAR VERKEFNISSERTÆKAR TILVÍSUNARUPPLÝSINGAR, AUK VIÐBÓTAR FYRIR EÐLILEGA STARFSEMI OG VIÐHALD FYRIR VIÐSKIPTAVININN/NOTANDANN. ÞAR SEM STARFRÆKSLA OG VIÐHALD ER BREYTINGUM HÁÐ, ÞÁ MUN BAKER HUGHES (OG DÓTTURFYRIRTÆKI ÞESS OG SAMSTARFSADILAR) EKKI REYNA AÐ KOMA MEÐ ÁKVEÐIN FYRIRMÆLI UM FERLA HELDUR VEITA GRUNDVALLARTAKMARKANIR OG -KRÖFUR FYRIR ÞÁ GERÐ BÚNAÐAR SEM VEITTUR ER.

ÞESSAR LEIÐBEININGAR GERA RÁÐ FYRIR ÞVÍ AÐ NOTENDUR HAFI ÞEGAR ALMENNAN SKILNING Á KRÖFUM UM ÖRUGGA NOTKUN VÉLRÆNS OG RAFRÆNS BÚNAÐAR Í HUGSANLEGU HÆTTULEGU UMHVERFI. ÞESS VEGNA SKAL TÚLKA OG NOTA ÞESSAR LEIÐBEININGAR Í SAMRÆMI VIÐ ÞÆR ÖRYGGISREGLUR OG REGLUGERÐIR SEM GILDA Á STAÐNUM OG ÞÆR SÉRSTÖKU KRÖFUR UM NOTKUN ANNARS BÚNAÐAR SEM GILDA Á STAÐNUM.

ÞESSUM LEIÐBEININGUM ER EKKI ÆTLAÐ AÐ VEITA TÆMANDI UPPLÝSINGAR UM ÖLL ATRÍÐI EÐA TILBRIGÐI BÚNAÐAR EÐA ALLAN HUGSANLEGAN VIÐBÚNAÐ Í SAMBANDI VIÐ UPPSETNINGU, NOTKUN EÐA VIÐHALD. EF FREKARI UPPLÝSINGAR ÓSKAST EÐA EF SÉRSTÖK VANDAMÁL KOMA UPP SEM EKKI ERU GERÐ NÆGJANLEG SKIL FYRIR VIÐSKIPTAVININN/NOTANDANN SKAL RÁÐFÆRA SIG VIÐ BAKER HUGHES.

RÉTTINDI, SKYLDUR OG ÁBYRGÐ BAKER HUGHES OG VIÐSKIPTAVINARINS/NOTANDANS ERU STRANGT TAKMÖRKUÐ VIÐ ÞAU SEM ERU SÉRSTAKLEGA TILGREIND Í SAMNINGNUM VIÐ AFHENDINGU BÚNAÐARINS. ENGAR FREKARI YFIRLÝSINGAR EÐA ÁBYRGÐIR AF HENDI BAKER HUGHES VARÐANDI BÚNAÐINN EÐA NOTKUN HANS ERU VEITTAR EÐA GEFNAR Í SKYN MEÐ ÚTGÁFU ÞESSARA LEIÐBEININGA.

ÞESSAR LEIÐBEININGAR ERU VEITTAR VIÐSKIPTAVINUM/NOTENDUM EINGÖNGU TIL AÐ AÐSTOÐA VIÐ UPPSETNINGU, PRÓFUN, NOTKUN OG/EÐA VIÐHALD ÞESS BÚNAÐAR SEM LÝST ER. ÞETTA SKJAL MÁ EKKI ENDURGERA FYRIR ÞRIÐJA AÐILA Í HEILD EÐA AÐ HLUTA ÁN SKRIFLEGS LEYFIS BAKER HUGHES.

Efnisyfirlit

1 Mikilvægar öryggisleiðbeiningar	6
2 Tækjanotkun	7
2.1 Stöðutakmörkunarrofinn/-rofarnir 496-.55 og 496-.55/	7
2.2 496-855/. og 496-855 stöðusendirinn án takmörkunarrofa	7
3 Númerakerfi.....	7
4 Merking.....	8
5 Rafmagnseiginleikar	9
5.1 496 gerðir sem lágspennutilskipun á við	9
5.2 496 gerðir sem lágspennutilskipun á ekki við.....	10
6 Rafmagnstenging, uppsetning og gangsetning	11
6.1 Strengþéttinippill.....	11
6.2 Kapall	11
6.3 Raftenging fyrir gerð 496-•55 eða 496-•55/•	12
6.4 Raftenging fyrir gerð 496-855/•	12
6.5 Raftengingar fyrir gerð 496-855/•	13
6.6 Rafmagnstenglar og skýringar	14
6.7 Gangsetning.....	15
7 Kvörðun.....	16
7.1 Kvörðun á vélrænum takmörkunarrofa 496-155, 496-255, 496-255/1, 496-255/2.....	16-17
7.2 Kvörðun á nándartakmörkunarrofa 496-.55	18
7.2.1. Gerð 496-455	18
7.2.2. Gerð 496-555.....	18
7.2.3. Stilling á loftbili	19
8 Áhættumat.....	22-23
9 Viðhald.....	24
Viðauki I - Kapall og millistykki - Ísetningarreglur minnkara	25
Viðauki II - Y237 millistykki - Ísetningarregla.....	27
Viðauki III - Rofasambætting	28

VIÐVÖRUN

LESTU ÞESSAR LEIÐBEININGAR VANDLEGA FYRIR uppsetningu, notkun eða viðhald á þessu tæki.

Þessi tækjabúnaður er í samræmi við nauðsynlegar öryggiskröfur Evróputilskipunarinnar fyrir lágspennu **2014/35/ESB**.

Hann uppfyllir einnig grundvallaröryggiskröfur Evróputilskipunarinnar EMC **2014/30/ESB** með síðari breytingum, til notkunar í iðnaðarumhverfi.

Allur þessi tækjabúnaður fellur undir IP66/67 verndarhátt og samræmisvottorð **INERIS-025816-14**.

Vörurnar **VERÐA AÐ VERA:**

- Uppsettar, teknar í notkun, notaðar og viðhaldið í samræmi við evrópskar og/eða landsbundnar og staðbundnar reglugerðir varðandi lágspennunotkun.
- Aðeins notaðar í aðstæðum sem uppfylla þau notkunarskilyrði sem tilgreind eru í þessu skjali og eftir staðfestingu á samhæfi þeirra við fyrirhugað notkunarsvið og hámarks leyfilegt umhverfishitastig.
- Uppsettar, teknar í notkun og viðhaldið af hæfum fagmönnum sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun í uppsetningu rafbúnaðar. Slíkar þjálfanir eru ekki studdar af Baker Hughes.

Það er á ábyrgð notanda að:

- Staðfesta samhæfi efnis fyrir notkunina
- Ganga úr skugga um að fallvarnir séu notaðar þegar unnið er í hæð, samkvæmt viðteknum öryggisferlum á vinnustað
- Ganga úr skugga um að notaður sé réttur persónulegur hlífðarbúnaður
- Gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsfólk á staðnum sem framkvæmir uppsetningu, gangsetningu og viðhald hafi fengið þjálfun í réttum vinnubrögðum við vinnu með og í kringum búnaðinn, samkvæmt viðteknum öryggisferlum á vinnustað.

Baker Hughes áskilur sér rétt til að hætta framleiðslu á vöru eða breyta vöruefnum, hönnun eða eiginleikum án fyrirvara.

Við vissar aðstæður getur notkun skemmdra tækja valdið versnun á virkni kerfisins sem getur leitt til meiðsla eða dauða.

Notaðu aðeins varahluti frá Baker Hughes Masoneilan til að tryggja að vörurnar séu í samræmi við grundvallaröryggiskröfur þeirra Evróputilskipana sem nefndar eru hér að ofan.

1. Mikilvægar öryggisleiðbeiningar

- Hægt er að setja upp 496-línuna í hámarks hæð yfir sjávarmáli upp á 4000 metra innan- eða utandyra.
- Hámarks hitasvið fyrir notkun er: -55°C til +85°C og getur verið minna eftir tegund skynjara.
- Rakastig án þéttingar getur verið allt að 95% í vinnuhitastiginu.
- 496-línan er með veðurvörn IP66/67 samkvæmt **EN IEC 60529**.
- Mengunarstigið er 2 og umhverfisstaðan er C.
- Spennusveiflur geta verið +/-10% af nafnspennu.
- Svipula yfirspennan er skilgreind sem flokkur II.
- Notandinn verður að athuga að hækkun hitastigs á 496-línunni (kemur með leiðni frá vélræna hlutanum sem er í snertingu við hús 496 eða í gegnum hitageislunarferli) sé minni eða jöfn hámarks leyfilegu hitastigi tækjabúnaðarins.
- Uppsettar, teknar í notkun, notaðar og viðhaldið í samræmi við evrópskar og staðbundnar reglugerðir varðandi lágspennunotkun.
- Uppsettar, teknar í notkun og viðhaldið af hæfum fagmönnum sem hafa hlotið viðeigandi faggildingu í rafbúnaði.
- Uppsettar á lokahreypum með upprunalegu Masoneilan uppsetningarsetti skilgreindu í stöðluðu leiðbeiningahandbókinni og lokið með uppsetningarteikningum fyrir sérstaka notkun.
- Hætta á raflosti – opnist ekki nema slökkt sé á affi.
- Útsettu ekki innri hluta 496-línunnar fyrir rigningu. Ef innra rýmið blotnar fyrir slyzni telst tækið ekki lengur nothæft og verður að taka það í sundur til að láta gera það upp eða eyðileggja það.
- Útsettu ekki innri hluta 496-línunnar fyrir ryki. Ef innra rýmið óhreinkast fyrir slyzni telst tækið ekki lengur nothæft og verður að taka það í sundur til að láta gera það upp eða eyðileggja það.
- Skilgreining á táknum að neðan sem 496-línan er merkt með:



Varúð. Hætta (tilv. ISO 7000-0434B).

Þetta tákn gefur til kynna öryggisatriði sem veita þarf athygli. Þetta þýðir að notandinn verður að lesa þetta skjal fyrst áður en hann grípur til nokkurra aðgerða á tækinu.



Varúð, möguleiki á raflosti.

Þetta tákn sýnir að hættuleg spenna sé til staðar innan í vörunni.

Til að forðast hættu á raflosti skal aldrei setja fingurna inn í tækið án þess að athuga hvort rafstraumur frá hinum ýmsu rafrásam hafi verið rofinn.



Þetta tákn gefur til kynna **fylgiskjöl tengd notkun og viðhaldi sem afhent eru með vörunni.**



Tengill varnarleiðara (IEC 60417-5019).



Jarðtenging (IEC 60417-5017).



Jafnstraumur (IEC 60417-5031).



Riðstraumur (IEC 60417-5032).

2. Notkun tækis

2.1. Stöðutakmörkunarrofinn/-rofarnir 496-.55

Leyfir víxlun á 1 til 2 rafrásam. Þessi eiginleiki er veittur með 1 eða 2 örbilsrofum eða 1 eða 2 nándarrofum fyrir 496-.55. Þetta tæki er hægt að festa á bæði snúnings- og afturvirka ventla.

2.2. 496-855/. og 496-855 stöðusendirinn með og án takmörkunarrofa

496-855 er snertilaus ljósrafrænn stöðusendir sem veitir 4-20 mA flaumrænt frálagsmerki í réttu hlutfalli við ventlastöðuna. Ljósrafræni skynjarinn hefur sömu virkni og venjulegur viðnámsmælir og úttaksspennan er í réttu hlutfalli við snúning öxuls hans.

Rafeindarás magnar þessa spennu í 4-20 mA merki í réttu hlutfalli við snúningshornið. Þessi búnaður hefur marga kosti:


- enginn rafmagnshávaði sem er dæmigerður fyrir viðnámsmælir með vísi
- núningsslaus
- ótakmörkuð ending
- ónæmur fyrir titringi og rafmagnshávaða
- mjög lítið vinnslutog: 0,02 N.m.

Þetta tæki er hægt að festa á bæði snúnings- og afturvirka ventla.

496-855/. leyfir víxlun á rafrásam með 1 eða 2 örbilsrofum eða 1 eða 2 nándarrofum auk snertilauss ljósrafræns stöðusendis sem veitir 4-20 mA flaumrænt frálagsmerki í réttu hlutfalli við ventlastöðuna.

Þetta tæki er hægt að festa á bæði snúnings- og afturvirka ventla.




3. Númerakerfi



1. Merking

Merkingin er á raðplötunni, stimplað á hlíf 496 (14).

- Nafn og heimilisfang framleiðanda
Dresser Produits Industriels S.A.S.
14110 CONDE SUR NOIREAU – FRANCE
- Gerðarmerking:
 - o **496-55** fyrir stöðurofa
Hægt er að skipta • út með **1, 2, 4, 5, 6, 7**
 - o **496-855** fyrir stöðusendi
 - o **496-855/•** fyrir stöðusenda með viðbótareiginleika/-leikum
Hægt er að skipta • út með **2, 7**
- Sérstök merking: IP66/67 með samræmisvottun
- Hámarks málgildi fyrir spennu og straum
- Hámarks hitasvið
- Raðnúmer
- Framleiðsluár
- Viðvörðun og tákn:

 	VIÐVÖRUN: HUGSANLEG HÆTTA Á RAFLOSTI. EKKI OPNA ÞEGAR SPENNUHAFA. SJÁ LEIÐBEININGAR.	
---	---	---

2. Rafmagnseigileikar

2.1. 496 gerðir sem lágspennutilskipun á við

Lágspennutilskipunin **2014/35/ESB** á við allan tækjabúnað með nafnspennu á bilinu 50 V upp að 1000 V fyrir riðstraum og 70 V upp að 1500 V fyrir jafnstraum.

Í töflunni að neðan eru taldar upp 496 gerðirnar sem lágspennutilskipunin á við og sýnir hámarksgildi spennu og straums fyrir þessar 496 gerðir.

Sjá gagnablað framleiðanda varðandi viðbótarupplýsingar.



Gerð	Gerð skynjara	Framleiðandi	Rafmagnsgildi	Tenging
496-655 496-755	DT-2R-A7	Honeywell	0,15 A og 250 Vdc \equiv 10 A og 250 Vac~ @ 50/60Hz	Á spjaldi
496-155 496-255	1HS1	Honeywell	0,5 A & 120 Vdc \equiv 1 A og 115 Vac~ @ 50/60Hz	Á spjaldi
496-155 496-255	BZ-2R-72-A2	Honeywell	1 A & 125 Vac~ @50/60 Hz	Á spjaldi
496-255	BZ R-A2	Honeywell	15 A og 125 Vac~ @ 50/60Hz 15 A og 250 Vac~ @ 50/60Hz	Á spjaldi
496-455 496-555	XS612B1MAL2	Schneider Electric	0,2A og 240 Vdc \equiv 0,2A og 240 Vac~ @50/60Hz	Weidmuller tengi
496-455 496-555	Bi2S12AZ31X/S97	Hans Turck GmbH & Co.KG	0,1 A og 300 Vdc \equiv 0,1 A og 250 Vac~ @50/60Hz	Weidmuller tengi
496-455 496-555	Bi5S18AZ3X/S97	Hans Turck GmbH & Co.KG	0,3 A og 300 Vdc \equiv 0,4 A og 250 Vac~ @50/60H	Weidmuller tengi
496-855/2	Ljósrafrænn skynjari með viðbótarrofa/rofum: BZ R-A2 eða 1HS1 eða BZ-2R-72-A2	Baker Hughes og framleiðendur rofabúnaðar	Úttaksstraumur 4-20 mA (tveir vírar) 4-20 mA @ 9 til 36 Vdc \equiv Núllsviðsstilling: $\pm 0,5$ mA Spansviðsstilling: $\pm 2,5$ mA Sjá að ofan um rafmagnsgildi rofa	Á rafeindaspjaldi
496-855/7	Ljósrafrænn skynjari með viðbótarrofa/rofum: DT-2R-A7	Baker Hughes og framleiðendur rofabúnaðar	Úttaksstraumur 4-20 mA (tveir vírar) 4-20 mA @ 9 til 36 Vdc \equiv Núllsviðsstilling: $\pm 0,5$ mA Spansviðsstilling: $\pm 2,5$ mA Sjá að ofan um rafmagnsgildi rofa	Á rafeindaspjaldi

1.1. 496 gerðir sem lágspennutilskipun á ekki við

Taflan að neðan sýnir spennusvið þessara 496 gerða.
Sjá gagnablað framleiðanda varðandi viðbótarupplýsingar.

Gerð	Gerð skynjara	Framleiðandi	Rafmagnsgildi	Tenging
496-455 496-555 496-855/4 496-855/5	NBB2-12GM40-Z0	Pepperl+Fuchs Group	8,2 Vdc --- @ ≤ 1 mA eða ≥ 3 mA 5 til 60 Vdc --- @ 2 til 100 mA 10 til 60 Vdc --- @ 0 til 100 mA	Weidmuller tengi
	NBN4-12GM40-Z0			
	NCB2-12GM35 NO			
	NCB2-12GM40-Z0			
	NCB5-18GM40 NO			
	NCB5-18GM40-Z0			
	NJ2-11N-G			
	NJ2-11SN-G			
	NJ2-12GK-N			
	NJ2-12GK-SN			
	NJ2-12GM40-E2			
	NJ2-12GM-N			
	NJ3-18GK-S1N			
	NJ4-12GK40-E2			
	NJ4-12GK-N			
	NJ4-12GK-SN			
	NJ5-18GK-N			
NJ5-18GK-SN				
NJ5-18GM-N				
NJ5-30GK-S1N				
496-455 496-555 496-855/4 496-855/5	XS512B1DAL2	Schneider Electric	12 til 48 Vdc --- @ 1,5 til 100 mA	Weidmuller tengi
	XS518B1DAL2			
496-855	OPTO	Baker Hughes	9 til 36 Vdc --- @ 4-20mA	Á spjaldi

1. Rafmagnstenging, uppsetning og gangsetning




- Fylgdu gildandi innlendum og staðbundnum reglum um raflagnavinnu.
- Taktu strauminn af tækinu áður en unnið er við það til að hægt sé að opna hlífina á öruggan hátt.
- Tengdu vírana við skautin á tækinu og gættu þess að rétt sé tengt og í samræmi við leyfilega hámarksspennu.
- Áður en ræst er eða eftir vinnu á tækinu athugið alltaf hvort:
 - O-hringur (10) sé laus við skemmdir
 - Einangrunin (16) sé vel í stað og hylji vírtengingarnar fyrir gerðir 496-155, 496-255
 - Hlífin (12) sé að fullu skrúfuð á og öryggisskrúfan (9) sé vel læst
 - Hýsing að innan og hlíf séu lausar við raka eða ryk
 - Athugaðu að jarðtengingarnar (innri og ytri) séu tryggilega tengdar

Ath.: Gakktu úr skugga um að tækið sé óskemmt fyrir uppsetningu. Ef skemmdir eru til staðar skal láta framleiðandann vita en heimilisfangið er sýnt á raðplötunni.

1.1. Strengþéttinippill

Hægt er að gera tengingarnar á mismunandi hátt hvað varðar:

- Strengþéttinippil af vottaðri gerð IP66/67 er hægt að festa beint á einfalt $\frac{3}{4}$ " NPT (ANSI/ ASME B1.20.1) raftengirör húss
- Notið málsamsetningu fyrir æskilegan styrkleika (gert úr áli, ryðfríu stáli, bronsi, nikkelvörðu messing)
- Notið strengþéttinippil með ytri klemmueiningu til að veita aukalegan vélrænan styrk fyrir togfestu kapalsins



- Notið jarðtengingu/varnartækni skermaðs kapals fyrir rafsegulsviðssamhæfi. Fylgið fyrirmælum framleiðanda um uppsetningu og hersluátak fyrir alla skrúfaða hluta.
- Það verður að vera samhæft við lágmarks og hámarks umhverfishitastigið sem kemur fram á raðplötu 496.
- Millistykki eða minnkari eru leyfð
- Fyrir mörg kapalinntök (hámark 3) er hægt að nota Masoneilan millistykki Y237.
- Strengþéttinippilinn með eða án millistykkis/minnkara og Y237 með strengþéttinippili verður að setja upp í samræmi við Viðauka I og II.

1.2. Kapall

Velja þarf kapal sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Hækkandi hitastig vegna straumþverunar í vírum
- Einangrunarvörn fyrir hámarksspennu
- Eldfimi með málgildi UL 2556 VW-1 eða jafngilt
- Rafsegulsviðsónæmi með skermunartækni og tvinnuðum vír

- Hámark efri ganghita verður að vera 9 °C fyrir ofan hitastigið sem kemur fram á raðplötu 496
- Þegar umhverfishitinn er lægri en -20°C, til að velja kapal sem er samhæfur við lægsta mögulega umhverfishitastig. Til áminningar, línurnar 496-.55 og 496-.55/ eru vottaðar upp að -55°C eftir tegund skynjara.
- Ytra þvermál kapals verður að vera samhæft við inntak strengþéttinippilsins til að tryggja IP66/67 vernd
- Kapallinn verður að fara inn í strengþéttinippilinn án krappa beygja og með áreiðanlega festa snúruhlíf gerða úr einangrunarefni sem stendur út fyrir inntaksopin um sem nemur fimm sinnum heildar þvermáli snúru með stærsta þversniðið.




1.1. Straumgjafi fyrir tegund 496-55

- Rofi (30 mA @ 60 A) eða útsláttarrofi (30 mA @ 16 A) er skyldubundinn fyrir aftengingu straumgjafa fyrir hverja rás. Í tilviki tveggja rása sem nota sömu aflspennu verður útsláttarrofinn að vera með málgildi í samræmi við hámarks straumstyrk þ.e. 2 x 16 A. Þetta á við skynjara DT-2R-A7 og BZ-R-A2
- Hann verður að vera viðeigandi staðsettur og auðvelt að nálgast
- Hann verður að vera merktur sem aftengingarbúnaður fyrir tækið
- Útsláttarrofinn verður að uppfylla viðeigandi kröfur IEC 60947-2 og henta fyrir notkunina
- Rofinn verður að uppfylla viðeigandi kröfur IEC 60947-3 og henta fyrir notkunina
- Rofinn eða útsláttarrofinn notaðir sem aftengingarbúnaður verða að vera merktir til að sýna þessa virkni. Ef það er aðeins eitt tæki (einn rofi eða einn útsláttarrofi) – þá duga táknin að neðan ef táknin eru merkt á eða við hlið rofans eða útsláttarrofans.



Tákn	Tilvísun	Lýsing
	IEC 60417-5007	Kveikt (afl)
○	IEC 60417-5008	Slökkt (afl)

1.2. Raftengingareglur fyrir gerð 496-55




- Rafleiðslurnar eru ýmist tengdar beint við örbilsrofann/rofana eða við tengistykki nándarrofans/rofana EINUNGIS með notkun tengla af gerðinni að neðan til að uppfylla öryggiskröfur.
- Örbilsrofatengingar milli kapalvíra og skynjaratengla:

Lausn 1	Einangraður kósatengill krumpaður á vírinn og skrúfaður á örbilsrofa tenglanna. Skrúfið þar til hlutarnir snertast, herðið síðan þétt.	
Lausn 2	Einangrað spaðatengi krumpað á vírinn og stungið í samband á karttenglinum.	
	Karttenglar skrúfaðir á örbilsrofa tenglanna. Skrúfið þar til hlutarnir snertast, herðið síðan þétt.	

- Náandarrofategingar á tengistykki fyrir bæði skynjara og kapalvíra:

	<p>Vírustærðir frá 0,33 mm² til 4 mm² (AWG 28 til 14). Vírtegund gegnheill 0,5 mm² til 4mm² Vírtegund margþættur 1,5 mm² til 2,5 mm² Vírtegund fingerður margþættur 0,5 mm² til 2,5mm² Lengd óvarða hluta 8 til 9 mm.</p>
	<p>Rauður punktur sýnir „+“.</p>

- Grunnregla fyrir raflagnir:
 - Verður að nota til viðbótar við staðbundna reglugerð um rafmagnsuppsetningu
 - Einangrun leiðarans verður að vera laus við allar skemmdir innan í hýsingunni (ekkert brot, skurðir)
 - Óvarði hluti leiðaranna verður að takmarkast við að flúttu við málmtengihluta tengilsins, til að tryggja einangrunarskilyrði.











RÉTT afeinangrun og tenging	RÖNG afeinangrun og tenging	
		

- Tengid jarðvír kapals í varnarleiðaratengilinn \oplus innan í hýsingunni. Ráðlagt er að nota lausn 2 sem er útlustuð í § 6.4.
- Ytri jarðtengill \perp er einnig tiltækur á tækinu. Varnarleiðari og jarðtenglar eru vélrænt tengdir.

1.3. Raftengingar fyrir gerð 496-855/•

- Tengdu rafmagnsleiðslurnar við tengistykki stöðusendisins sem er staðsett á rásaspjaldinu. Fylgdu pólunum + og – og hámarks leyfilegri spennu. Sjá hluta 7.3
- Þegar stöðusendir er með aukaeiginleikum, eru rafleiðslurnar ýmist tengdar beint við örbilsrofann/rofana eða við tengistykki náandarrofans/rofana eins og skilgreint í hluta 6.4.

1.1. Rafmagnstenglar og skýringar

Gerð	Gerð skynjara	Tengill	Gróft rafmagnsskema Án varnar
496-655 496-755	DT-2R-A7		<p>NO: Venjulega opið</p> <p>NC: Venjulega lokað</p> <p>C: Almenn</p> 
496-155 496-255	1HS1		
496-155 496-255	BZ-2R-72-A2		
496-255	BZ R-A2		
496-455 496-555	XS612B1MAL2	<p>2 vírar ekki skautaðir (BN/BU) Tengi fyrir 2 x skynjara</p> 	
496-455 496-555	Bi2S12AZ31X/S97	<p>2 vírar skautaðir (BN/BU) Tengi fyrir 2 x skynjara</p> 	
496-455 496-555	Bi5S18AZ3X/S97		
496-855/2	Ljósrafrænn skynjari með viðbótarrofa/ rofum: BZ R-A2 eða 1HS1 eða BZ-2R-72-A2	Sjá að ofan fyrir rofa	Sjá að ofan fyrir rofa
496-855/7	Ljósrafrænn skynjari með viðbótarrofa/ rofum: DT-2R-A7	Sjá hluta 7.3 varðandi ljósrafrænan skynjara	Sjá hluta 7.3 varðandi ljósrafrænan skynjara

1.2. Ræsing



Áður en ræst er eða eftir vinnu á tækinu athugið alltaf hvort:

- O-hringur (10) sé laus við skemmdir
- Einangrunin (16) sé vel í stað og hylji vírtengingarnar fyrir gerðir 496-155, 496-255
- Hlífin (12) sé að fullu skrúfuð á og öryggisskrúfan (9) sé vel læst
- Hýsing að innan og hlíf séu lausar við raka eða ryk

Fyrir gangsetningu skal, ef þörf krefur, framkvæma kvörðun tækjabúnaðar samkvæmt hluta 7 og/eða tryggja að öllum öryggisleiðbeiningum í undanfarandi málsgreinum hafi verið fylgt nákvæmlega.

1. Kvörðun



Áður er kvörðun er hafin lesið vandlega eftirfarandi öryggisviðvaranir og viðvaranir sem eiga sérstaklega við hverja gerð.

- Fylgdu gildandi innlendum og staðbundnum reglum um raflagnavinnu
- Taktu strauminn af tækinu áður en unnið er við það
- Tengdu vírana við skautin á tækinu og gættu þess að rétt sé tengt og í samræmi við leyfilega hámarksspennu
- Áður en ræst er eftir að kvörðun er lokið eða eftir vinnu á tækinu athugið alltaf hvort:
 - O-hringur (10) sé laus við skemmdir
 - Einangrunin sé vel í stað og hylji vírtengingarnar fyrir gerðir 496-155, 496-255
 - Hlífin (12) sé að fullu skrúfuð á og öryggisskrúfan (9) sé vel læst
 - Hýsing að innan og hlíf séu lausar við raka eða ryk


1.1. Kvörðun á vélrænum takmörkunarrofa 496-155, 496-255



Áður kvörðun er hafin skal lesa vandlega eftirfarandi öryggisviðvaranir.

- Taktu strauminn af fyrir kvörðun
Forstilltu vélræna hluta eins og kamb, stöng
- Fínstillingu eða lokaprófun er hægt að gera með kveikt á afli við eftirfarandi lágmarks og ekki takmörkuð skilyrði og í samræmi við staðbundnar reglugerðir:
 - einangrunin er vel í stað og hylur víratengingarnar
 - aðgerðir takmarkast við stillingu kams með verkfærum með fullri einangrun á málmhlutum þeirra
 - hlíf (12) er AÐEINS hægt að skrúfa þegar SLÖKKT er á afli

- Íhvolfi hluti stangarinnar (5) verður að vera sammiðja kambinum (13) þegar örbilsrofinn er virkjaður.
- Þetta er mikilvæg varúðarráðstöfun til að ganga úr skugga um að stönginni sé rétt þrýst inn þegar hún er óvirkjuð.
- Ef ekki, losið skrúfurnar (3 & 17) og færið stöngina lítillega upp eða niður. Hertu skrúfurnar.
- Losaðu kambblásskrúfuna (1) lítillega með 3/32" topplykli.
- Færðu innstungustöngina í þá stöðu sem þarf til að virkja rofann.
- Það er mikilvægt að hafa í huga að kamburinn sem vinnur með hægri örbilsrofanum verður að virkja stöngina (5) í lok rangsælis snúningsins. (Sjá nánar á mynd að neðan).
- Þetta tryggir að skrúfan (2) sé laus við stöngina (5) þegar ventillinn er að þrengja. Eftirstandandi íhvolfi hlutinn tryggir aðeins örbilsrofavirkjun ef yfirhreyfing á sér stað. Aftur á móti verður kamburinn sem vinnur með vinstri örbilsrofanum að virkja stöngina (5) í lok réttsælis snúningsins. (Sjá mynd framan frá að neðan).
- Þegar aðeins einn örbilsrofi er til staðar (gerð 496-158) getur verið að þurfi að breyta staðsetningu örbilsrofans til að uppfylla ofangreind skilyrði.
- Snúðu kambinum (13) þar til örbilsrofinn virkjast. Læstu kambinum (13) með því að herða skrúfuna (1).
- Fínstilltu með skrúfunni (2). Notaðu 1/16" topplykil. Skrúfan (2) verður að koma nógu mikið út úr kambinum til að þrýsta nægjanlega á stöngina (5).
- **Fylgdu öryggisleiðbeiningum samkvæmt hluta 6.7 nákvæmlega áður en notkun hefst.**



Íhlutalisti

Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing
1	Skrúfa	8	Smellihringur	16	Einangrun
2	Stilliskrúfa	9	Öryggisskrúfa	17	Skrúfa (annar örbilsrofi)
3	Skrúfa (fyrsti örbilsrofi)	10 ⁽¹⁾	Þéttihringur	18	Skinna
4	Örbilsrofi	11	Öxull	A	Snertipunktur fyrir vinstri örbilsrofa
5	Stöng	12	Hlíf	B	Snertipunktur fyrir hægri örbilsrofa
6	Hús	13	Kambur		
7 ⁽¹⁾	Þéttihringur	14	Raðplata		

(1) Ráðlagðir varahlutir

1.1. Kvörðun á nándartakmörkunarrofa 496-55



Áður kvörðun er hafin skal lesa vandlega eftirfarandi öryggisviðvaranir.



- Takið strauminn af fyrir kvörðun.

Forstilltu vélræna hluta eins og kamb, stöng.

- Fínstillingu eða lokaprófun er hægt að gera með kveikt á afli við eftirfarandi lágmarks og ekki takmörkuð skilyrði og í samræmi við staðbundnar reglugerðir:
 - einangrunin er vel í stað og hylur víratengingarnar
 - aðgerðir takmarkast við stillingu kamb með verkfærum með fullri einangrun á málmhlutum þeirra
 - hlíf (12) er AÐEINS hægt að skruva þegar SLÖKKT er á afli

1.1.1. Gerð 496-455

- Virkjaðu ventilinn í æskilegri stöðu og athugaðu snúningsskynjunina þegar armurinn yfirgefur nándarskynjarann.
- Myndin hér að neðan sýnir staðsetningu nándarskynjarans og armsins þegar kveikt er vegna snúningsskynjunarinnar.
- Færðu arminn hægt í átt að nándarskynjaranum þar til hann kveikir. Kveiking á sér stað þegar armurinn skarast við um það bil 1/3 af nándarrofanum.
- **Fylgdu öryggisleiðbeiningum samkvæmt hluta 6.7 nákvæmlega áður en notkun hefst.**




Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing
33	Armur	34	Nándarrofi

1.1.2. Gerð 496-555

Meðan á stillingu stendur skal ganga úr skugga um að nándarrofinn með rauða blettinum sé kveiktur með arminum með rauða blettinum.

- Stilling fyrsta nándarrofans:
 - Fyrsti rofinn er stilltur við upphaf slags.
 - Athugaðu hver snúningsskynjunin er þegar ventillinn er virkjaður. Myndin (b, c) hér að neðan sýnir nándarskynjarann og arminn sem er úthlutað fyrsta upphafspunktinum fyrir tiltekna snúningsskynjun.
 - Færðu arminn hægt í átt að nándarrofanum þar til hann kveikir.
- Stilling annars nándarrofans:
 - Annar nándarrofinn er stilltur við enda virkjunarslags.
 - Haltu kyrrum fyrsta arminum sem áður var stilltur og færðu seinni arminn hægt í átt að seinni nándarskynjaranum þar til hann kveikir.
 - Gakktu úr skugga um að fyrsti nándarrofinn sé enn rétt stilltur.

- **Fylgdu öryggisleiðbeiningum samkvæmt hluta 6.7 nákvæmlega áður en notkun hefst.**





Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing
A	Rauður blettur	B	Fyrsti kveikipunktur

1.1.3. Stilling á loftbili

Loftbilið á milli nándarrofans og armsins er stillt í verksmiðjunni. Ef þörf er á nýrri stillingu skal fara að á eftirfarandi hátt:

- Losaðu nándarskynjarann (37A), sem staðsettur er framan á festingunni (36).
- Losaðu læsiróna (37B) sem er aftan á festingunni um nokkra snúninga.

- Settu arminn fyrir ofan nándarskynjarann og ýttu öxulendanum (11) í átt að húsinu utanverðu til að eyða endaslagi.
- Haltu nándarskynjaranum föstum og skrúfaðu róna (37A). Stilltu loftbilið í 0,3 mm með þynnum
- Hertu læsiróna (37B).



Íhlutalisti

Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing
3	Skrúfa	11	Öxull	33	Armur
6	Hús	12	Hlíf	34	Nándarskynjari
7 ⁽¹⁾	Þéttihringur	14	Raðplata	36	Skynjarafesting
8	Smellihringur	24	Tengistykki	37 A	Toppró
9	Öryggisskrúfa	30	Millistykki	37B	Afturró
10 ⁽¹⁾	Þéttihringur				

(1) Ráðlagðir varahlutir

7.3 Kvörðun á stöðusendi 496-855/• með viðbótaraðgerðum




Ekki er krafist þess að afl sé tekið af þar sem stöðusendirinn er EINN utan lágspennutilskipunar.

• Ventilvirkni

Aðgerðarskynjun ventilsins (opinn eða lokaður ventill, samanborið við 4 - 20 mA lykkmærkið), ákvarðar staðsetningu tengis 3-punkta ljósrafeindaskynjarans á einu af tveimur tengjum rafeindarásar A eða B.

Notkunarreglan er: Fyrir snúning hjólsins á stjórnöxlinum réttisælis (sjá hlið hlífarinnar) eykst úttaksstraumurinn (4 → 20 mA) þegar tengi ljósrafeindaskynjarans er tengt í A og minnkar þegar það er tengt í B.



• Liðastilling

Þegar það er fest á afturvirka ventla skal stilla snúningshylkið til að fá tækisstöngina hornrétt á innstungustöngina við miðja vega.

• Stilling stöðusendis

- o Staðsettu 3-punkta tengilsins á tengil A eða B sem er í notkun fyrir valda aðgerð.
- o Forstilltu miðjufærslu núllstillingar (Z) ef nauðsyn krefur*.
- o Forstilltu miðjufærslu spanstillingar (S) ef nauðsyn krefur**.

- o Stilltu rofann C (sjá Viðauka III) á snúningshorn stýriventilsins.
- o Staðsettu ventilinn á upphaflega færslu sem skal samsvara lágmarki merkisins (4 mA).
- o Setu upp milliampermæli raðtengdan í lykkgjuni og settu straum á tækið.
- o Snúðu aðalhjólinu á stýriöxlinum til að fá úttaksmerki með um 4 mA.
- o Fínstilltu að 4 mA-merki með núllviðnámsmælinum (Z).
- o Settu ventilinn í fullt slag að tilgreindri færslu og stilltu úttaksmerkið í 20 mA með spanviðnámsmælinum (S).
- o Athugaðu núll- og spankvörðunina í samanburði við ventilslagið. Endurtaktu núll- og spankvörðunina ef þörf krefur.


* Ef upp koma vandamál við núllstillingu vegna takmarkana viðnámsmælisins skal snúa 5 snúninga í öfuga átt við þá sem óskað var eftir og snúa aðalhjólinu til að fá úttaksstraum sem næst 4 mA.

** Ef upp koma vandamál við spanstillingu vegna takmarkana viðnámsmælisins skal snúa 5 snúninga í öfuga átt við þá sem óskað var eftir og stilla rofann C (sjá Viðauka IV) til að fá hærra eða lægra horn en grunninn.

• Stilling örbils- eða nándarrofa

Farðu eftir hluta 6.3 til að stilla örbils- eða nándarrofa.

• Fylgdu öryggisleiðbeiningum samkvæmt hluta 6.7 nákvæmlega áður en notkun hefst.



Íhlutalisti

Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing	Tilv. nr.	Lýsing
6	Hús	42	Rafeindaspjald	107	Klemma
7	Þéttihringur	44	Skinna	108	Skinna
8	Hringsplitti	46	Spjaldstuðningur	110	Skrúfa
9	Öryggisskrúfa	101	Jarðtengingarskrúfa (innanverð)	111	Fjaðraskinna
10	Þéttihringur	102	Spenniskífa	114	CHC-skrúfa
11	Öxull	103	Klemma	220	Ljósrafrænn skynjari
12	Hlíf	104	Skinna	221	Stoð
14	Raðplata	105	Jarðtengingarskrúfa (utanverð)	222	Skrúfa
23	Aðaltannhjól	106	Spenniskífa		

8 Áhættumat

8.1 Auðkenning áhættu

Taflan að neðan sýnir hugsanlegan uppruna áhættu samkvæmt EN 61010-1

Auðkenning áhættu og tilvísun í EN 61010-1	Búnaðartengt	Lýsing	Áhættuminnkun
6 - Vörn gegn raflosti	Já	Innri tengingar, raflagnir, kapalinnangangur, gil og skrið	Umbeðið
7- Vörn gegn vélrænum HÆTTUM	Já	Fellur undir véltilskipun. Tæki aðeins dreift á iðnaðarmarkaði. Leiðbeiningar öryggishandbókar	Gert skv. hönnun
8 - Viðnám gegn vélrænu álagi	Já	Umlykjuálag fyrir sum prófin	Gert skv. hönnun
9 til 9,5 - Vörn gegn útbreiðslu elds	Nei	Umlykja er gerð til að styðja innri sprengingu/eldsvoða án neinna sendinga.	Gert skv. hönnun
9.6 - Vörn gegn útbreiðslu elds (yfirstraumsvörn)	Já	Þarf ytri rofa, útsláttarrofa	Umbeðið
10 - Takmörk á hitastigi búnaðar og viðnám við hita	Já	Straumnotendur mynda hitaaukningu. Stjórna yfirborðshitastigi	Gert skv. hönnun
11 - Vörn gegn hættu af vökvum og föstum aðskotahlutum	Já	Hreinsunarverk og vatns-/rykvörn	Gert skv. hönnun
12 - Vörn gegn geislun, þ.m.t. leysum, og gegn hljóð- og úthljóðsprýstingi	Nei	Á ekki við	Á ekki við
13 - Vörn gegn gas og efnum sem losna, sprengingu og innsprengingu	Nei	Á ekki við	Á ekki við
14 - Íhlutir og undirsamstæður	Já	Tengi, skynjarar	Gert skv. hönnun
15 - Vörn með millilæsingum	Já	Hlíf er læst með skrófu til að forðast opnun án verkfæris.	Gert skv. hönnun
16 - HÆTTA af völdum notkunar	Já	Fellur undir véltilskipun. Tæki aðeins dreift á iðnaðarmarkaði. Leiðbeiningar öryggishandbókar	Gert skv. hönnun

8,2 Áhættugreining

496-línan er undir ítarlegu eftirliti við framleiðsluferlið sem nær til allra viðeigandi krafna EN 61010-1 staðalsins. Hinsvegar þarf 496-línan að nokkrar aðrar aðgerðir virki á endanlegu notandasvæði. Þetta þýðir að gera raftengingarnar inni í 496 umlykjunni til að tryggja að spennu og straumur frá aflgjafa séu samhæf við 496 skynjarana og til að festa rafmagnsleiðsluna við varnarbúnaðina. Þessar aðgerðir/athuganir eru utan umfangs og ábyrgðar Baker Hughes. Engu að síður verður áhættugreining Baker Hughes að neðan að vera lesin, skilin og notuð af viðurkenndum og hæfum fagaðilum.

Lesið áhættugreininguna að neðan vandlega til að skilja hugsanleg meiðsl sem geta orðið ef ekki er farið 100% eftir einhverjum af kröfunum.

Auðkenning hættu	Tegund vandamáls	hæfilega fyrirsjáanleg misnotkun	Styrkingarpættir	Alvarleiki	Líkur	Flokkur	Lýsing á ráðstöfunum til að minnka áhættuna niður í ásættanlegt stig
Raflost á umlykjunni	Tap á bili/skriði vegna víra í snertingu við málhluta	Kvenendatengi spennugjafa ekki einangruð.	Ónógu hersluátaki beitt á skráurnar. Ytri þættir eins og hitastig breytast, titringur. Starfsfólk ekki hæft til að sjá um rafmagnsuppsetningu.	ALVARLEGT	MÖGULEGT	2	Nota verður ALLAR kröfur taldar upp í §6.4 öryggishandbókarinnar. Uppsettar, teknar í notkun og viðhaldið af hæfum fagmönnum sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun í uppsetningu rafbúnaðar.
		Engin ytri klemmueining til að veita aukalegan vélrænan styrk fyrir togfestu kapalsins	Hætta á að vírar og/ eða skynjari brotni ef gripið í kapal	ALVARLEGT	MÖGULEGT	2	Nota verður ALLAR kröfur taldar upp í §6.1 öryggishandbókarinnar. Uppsettar, teknar í notkun og viðhaldið af hæfum fagmönnum sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun í uppsetningu rafbúnaðar.
	Tap á bili/skriði vegna óhóflegs raka eða vökva eða ryks innan í umlykjunni.	Rangur strengþéttinippill eða val á kapli (þvermál kapals ekki samhæft við strengþéttinippil)	Veðurvörn breytt. Starfsfólk ekki hæft til að sjá um rafmagnsuppsetningu.	ALVARLEGT	MÖGULEGT	2	Nota verður ALLAR kröfur taldar upp í §6.1 og §6.2 öryggishandbókarinnar. Uppsettar, teknar í notkun og viðhaldið af hæfum fagmönnum sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun í uppsetningu rafbúnaðar.
	Engin yfirtraumsvörn	Rofi fyrir ytri vörn gegn yfirtraumi eða útsláttarrofi ekki uppsettur eða rangur varnarbúnaður	Ófyrirsjáanlegt mannlegt athæfi Starfsfólk ekki hæft fyrir neitt viðhald, aðgerðir á tækinu	ALVARLEGT	MÖGULEGT	2	Nota verður ALLAR kröfur taldar upp í §6.3 öryggishandbókarinnar. Uppsettar, teknar í notkun og viðhaldið af hæfum fagmönnum sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun í uppsetningu rafbúnaðar.



9 Viðhald





- Taktu strauminn af tækinu áður en unnið er við það til að hægt sé að opna hlífina á öruggan hátt.
- Áður en ræst er eða eftir vinnu á tækinu athugið alltaf hvort:
 - O-hringur (10) sé laus við skemmdir
 - Einangrunin sé vel í stað og hylji vírtengingarnar fyrir gerðir 496-155, 496-255
 - Hlífin (12) sé að fullu skrúfuð á og öryggisskrúfan (9) sé vel læst
 - Hýsing að innan og hlíf séu lausar við raka eða ryk
- Einu sinni á ári, athuga þéttingar og ef um skemmdir er að ræða skal skipta um gallaða hluti eingöngu með varahlutum frá framleiðanda.
- Ef notkun á sér stað í rykugu andrúmslofti skal framkvæma reglubundin þrif á hinum mismunandi hliðum umlykjunnar til að koma í veg fyrir of mikla uppsöfnun ryks, hámarksþykkt verður að vera <5 mm.
- Athugaðu að engir hlutar 496 séu skemmdir. Ef um skemmdir er að ræða skal skipta um gallaða hluti með upprunalegum hlut frá framleiðanda.
- Gættu sérstaklega að eftirfarandi:
 - Athugaðu tækið, vélræna liði og almenn atriði.
 - Athugaðu strengþéttnippillinn og rafmagnstengingarnar.
 - Athugaðu ástand O-hringsins (10) hlífarinnar (12) og O-hringsins (7) á öxlinum (11).
 - Gakktu úr skugga um að öxullinn (11) sé ekki slitinn eða skemmdur.
 - Ef taka þarf öxulinn (11) úr skal ganga úr skugga um að hringSplittin (8) séu sett aftur á sinn stað. Gakktu úr skugga um að hvorki húsið eða öxullinn séu skemmd.
 - Notaðu einungis feitistegundirnar taldar upp að neðan:

Gerð	Framleiðandi
SI 33	ORAPI
GRAPHENE 702	ORAPI
MOLYKOTE 111 COMPOUND	MOLYKOTE®
MULTILUB	MOLYKOTE®
GRIPCOTT NF	MOLYDAL

Viðauki I - Kapall og millistykki - Ísetningarreglur minnkara

STRENGÞÉTTINIPPILL		MILLISTYKKI – MINNKARI	
496 Hús	Strengþéttinippill með IP66/67	Hús	Millistykki-minnkari með IP66/67
			
<p>GERÐ: Karlkónn, gengjuð samskeyti: ¾" NPT</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu NPT-kröfum ANSI/ASME B1.20.1 Að minnsta kosti 5 gengjur eru veittar fyrir hvern hluta <p>ÍSETNINGARREGLUR:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsaðu gengjur með Loctite 7063 eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Límdu með Loctite 5400 (gengjupétti með litlum styrk) eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Þetta er skylda til að uppfylla IP67. Hersluátak (sjá leiðbeiningar fyrir strengþéttinippla) Athugaðu fattningu á gengjum (sjá leiðbeiningar fyrir strengþéttinippla) 		<p>A: GERÐ: Karlkónn, gengjuð samskeyti: ¾" NPT</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu NPT-kröfum ANSI/ASME B1.20.1 Að minnsta kosti 5 gengjur eru veittar fyrir hvern hluta <p>ÍSETNINGARREGLUR:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsaðu gengjur með Loctite 7063 eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Límdu með Loctite 2700 (gengjulími með miklum styrk) eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Þetta er skylda til að uppfylla IP67. Hersluátak (sjá leiðbeiningar fyrir Millistykki-Minnkara) Athugaðu fattningu á gengjum (sjá leiðbeiningar fyrir Millistykki-Minnkara) <p>B: GERÐ: Kvenkónn, gengjuð samskeyti: ½" NPT eða önnur NPT-stærð</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu NPT-kröfum ANSI/ASME B.1.20.1 Að minnsta kosti 5 gengjur eru veittar fyrir hvern hluta <p>GERÐ: Sívöl kvenkyns, gengjuð samskeyti: M20 x 1,5 eða aðrar stærðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu kröfunum ISO 965-1 og ISO 965-3 Lágmarks gengjufattning: 5 Dýpt gengjufattningar: ≥ 8 mm <p>ÍSETNINGARREGLUR:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsaðu gengjur með Loctite 7063 eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Límdu með Loctite 5400 (gengjupétti með litlum styrk) eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Þetta er skylda til að uppfylla IP67. Hersluátak (sjá leiðbeiningar fyrir strengþéttinippla) Athugaðu fattningu á gengjum (sjá leiðbeiningar fyrir strengþéttinippla) 	

Viðauki II - Y237 millistykki - Ísetningarreglur


STRENGPÉTTINIPPILL		INNSTUNGA	
Hús	Strengpéttinippill með IP66/67	Hús	Tengill með IP66/67
			
<p>A : GERÐ: Karlkónn, gengjuð samskeyti: ¾" NPT</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu NPT-kröfum ANSI/ASME B1.20.1 Að minnsta kosti 5 gengjur eru veittar fyrir hvern hluta <p>ÍSETNINGARREGLUR:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsaðu gengjur með Loctite 7063 eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Límdu með Loctite 2700 (gengjulími með miklum styrk) eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Þetta er skylda til að uppfylla IP67. Hersluátak (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) Athugaðu fattningu á gengjum (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) <p>B: GERÐ: Kvenkónn, gengjuð samskeyti: ½" NPT eða ¾" NPT</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu NPT-kröfum ANSI/ASME B.1.20.1 Að minnsta kosti 5 gengjur eru veittar fyrir hvern hluta <p>GERÐ: Sívöl kvenkyns, gengjuð samskeyti: M20 x 1,5</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu kröfunum ISO 965-1 og ISO 965-3 Lágmarks gengjufattning: 5 Dýpt gengjufattningar: ≥ 8 mm <p>ÍSETNINGARREGLUR:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsaðu gengjur með Loctite 7063 eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Límdu með Loctite 5400 (gengjulími með litlum styrk) eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Þetta er skylda til að uppfylla IP67. Hersluátak (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) Athugaðu fattningu á gengjum (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) 		<p>A : GERÐ: Karlkónn, gengjuð samskeyti: ¾" NPT</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu NPT-kröfum ANSI/ASME B1.20.1 Að minnsta kosti 5 gengjur eru veittar fyrir hvern hluta <p>ÍSETNINGARREGLUR:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsaðu gengjur með Loctite 7063 eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Límdu með Loctite 2700 (gengjulími með miklum styrk) eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Þetta er skylda til að uppfylla IP67. Hersluátak (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) Athugaðu fattningu á gengjum (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) <p>B: GERÐ: Kvenkónn, gengjuð samskeyti: ½" NPT eða ¾" NPT</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu NPT-kröfum ANSI/ASME B.1.20.1 Að minnsta kosti 5 gengjur eru veittar fyrir hvern hluta <p>GERÐ: Sívöl kvenkyns, gengjuð samskeyti: M20 x 1,5</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgdu kröfunum ISO 965-1 og ISO 965-3 Lágmarks gengjufattning: 5 Dýpt gengjufattningar: ≥ 8 mm <p>ÍSETNINGARREGLUR:</p> <ul style="list-style-type: none"> Hreinsaðu gengjur með Loctite 7063 eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Límdu með Loctite 2700 (gengjulími með miklum styrk) eða sambærilegri vöru með svipaðri skilvirkni. Þetta er skylda til að uppfylla IP67 Hersluátak (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) Athugaðu fattningu á gengjum (sjá leiðbeiningar fyrir strengpéttinippla) 	

Viðauki III - Rofasambætting

Rofastilling samkvæmt snúningshorni stýriröxulsins								
≤ 24° og < 30°	≤ 30° og < 36°	≤ 36° og < 42°	≤ 42° og < 48°	≤ 48° og < 54°	≤ 54° og < 62°	≤ 62° og < 70°	≤ 70° og < 80°	≤ 80° og ≤ 90°
Viðkomandi búnaður								
<ul style="list-style-type: none"> • 87/88 slög ½" til 0,8" • 37/38 slög ½" til ¾" • Sigma F slag ¾" 		<ul style="list-style-type: none"> • Varimax • 67/68 slög 5" 		<ul style="list-style-type: none"> • Camflex • Varipak • 3100 • 87/88 slög 1" til 2,5" • 37/38 slög 1" til 4" • Sigma F slög 1,5" til 2" • 67/68 slag 6" 		<ul style="list-style-type: none"> • 67/68 slag 8: 	<ul style="list-style-type: none"> • Minitork 	<ul style="list-style-type: none"> • Ball

Finndu næsta Channel Partner á þínu svæði:

valves.bakerhughes.com/contact-us



Tæknistuðningur á vettvangi og ábyrgð:

Sími: +1-866-827-5378

valvesupport@bakerhughes.com

valves.bakerhughes.com

Höfundarréttur 2024 Baker Hughes Company. Öll réttindi áskilin. Baker Hughes veitir þessar upplýsingar á grundvelli „eins og þær eru“ í almennu upplýsingaskyni. Baker Hughes lýsir ekki yfir nákvæmni eða heilleika upplýsinganna og veitir engar ábyrgðir af neinu tagi, sértækar, óbeinar eða munnlegar, að því marki sem leyfilegt er samkvæmt lögum, þar með talið söluhæfni og hæfni í tilteknum tilgangi eða notkun. Baker Hughes afsegir sér hér með allri ábyrgð á beinum, óbeinum afleiðingum eða sérstökum skemmdum, kröfum vegna missis hagnaðar, eða kröfum þriðja aðila sem stafa af notkun upplýsinganna, hvort sem krafa er fullyrt í samningi, skaðabótaskyldu eða annað. Baker Hughes áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilgreiningum og eiginleikum sem sýndir eru hér, eða hætta framleiðslu vörunnar sem lýst er hvenær sem er án fyrirvara eða skuldbindinga. Hafðu samband við fulltrúa Baker Hughes til að fá nýjustu upplýsingamar. Myndmerki Baker Hughes, Masonellan, Camflex, MiniTork, Varimax og VariPak eru vörumerki Baker Hughes Company. Önnur fyrirtækjanöfn og vöruheiti sem notuð eru í þessu skjali eru skráð vörumerki eða vörumerki viðkomandi eigenda.

Baker Hughes 

bakerhughes.com